

Kennari í Hönnun og smíði/nýsköpun og tækni

Við Þelamerkurskóla er laus til umsóknar hálf staða kennara í hönnun og smíði með tengingu við nýsköpun og tækni. Óskað er eftir að ráða fjölhæfan, sveigjanlegan og skapandi grunnskólakennara með mikla hæfni í samskiptum við börn og ungmenni. Viðkomandi kennari starfar í nánu samstarfi við aðra kennara skólans. Skólinn er vel búinn tækjakosti og með skýra sýn á tæknipróun í öllu námi. Verknámi er gert hátt undir höfði og rík hefð er fyrir smíðanámi nemenda á öllum aldri með sjálfbærni að leiðarljósi.

Í Þelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla fyrir alla og þannig lögð rík áhersla á að búa öllum nemendum aðstæður til náms við hæfi hvers og eins, nokkuð sem krefst sveigjanleika og skapandi hugsunar hjá öllu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði Jákvaðs aga og Byrjendalæsis. Skólinn er heilsueflandi skóli auk þess sem áhersla er lögð á rafræna kennsluhætti, útikennslu og skapandi starf.

Helstu verkefni

- Annast kennslu í hönnun og smíði með tengingu við nýsköpun og tækni, í góðri samvinnu við aðra kennara.
- Stuðla að velferð nemenda í góðu samstarfi við aðra kennara, foreldra/forráðamenn og stoðþjónustu innan skólans sem utan.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Færni í hönnun og smíðum og áhugi á nýsköpun og tækni.
- Reynsla af starfi með fjölbreyttum nemendahópi er kostur.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Áhugi á að ná fram því besta úr hverjum nemanda.
- Færni í samvinnu og teymisvinnu.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Við hvetjum alla áhugasama, konur jafnt sem karla, til að sækja um störf við skólann. **Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2021. Umsóknarfrestur er t.o.m. 20. apríl 2021.** Ferilskrá og umsókn skal senda á netfang skólustjóra ragnheidurlija@thelamork.is Upplýsingar um Þelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.thelamork.is/>

Frekari upplýsingar veitir Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólustjóri, ragnheidurlija@thelamork.is og í síma 460-1770/866-4085.